

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/182 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS-staðal 28, og alþjóðlega reikningsskilastaðla, IFRS-staðla 1 og 12.

1. gr.

Eftirfarandi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB), sem vísað er til í lið 10ba í XXII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 205/2018, frá 21. september 2018, um breytingu á XXII. viðauka við EES-samninginn (Félagaréttur), skal öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XXII. viðauka sammingsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum sammingsins:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/182 frá 7. febrúar 2018 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS-staðal 28, og alþjóðlega reikningsskilastaðla, IFRS-staðla 1 og 12.

2. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnar (ESB) 2018/182 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB, nr. 64/2018, 27. september 2018, bls. 354.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 1. mgr. 127. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga, skal gilda fyrir félög sem skylt er að eða nýta sér heimild til að semja ársreikninga sína og samstæðureikninga í samræmi við innleidda alþjóðlega reikningsskilastaðla, öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 28. september 2018.

F. h. ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra,

Ingvi Már Pálsson.

Harpa Theodórsdóttir.